

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 5
101 Reykjavík
postur@anr.is



Reykjavík, 19. júlí 2019

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030

Hinn 20. júní sl. birti atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið *Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030* á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið þau skjöl sem þar með voru birt og eru með eftirfarandi ábendingar.

Samtökin fagna verkefninu og telja að setning slíks stefnuramma sé mjög mikilvægur grundvöllur fyrir sameiginlegri sýn og samvinnu stjórnvalda og ferðaþjónustunnar um markmið og þróun atvinnugreinarinnar til framtíðar. Innan stefnurammans er gert ráð fyrir aðgerðabundinni stefnumótun sem sé endurmetin með nokkurra ára millibili. Samtökin leggja áherslu á að hröð og skýr vinna að því verkefni, og örugg fjármögnun þeirra verkefna sem þar verða sett á oddinn, er forsenda þess að hin sameiginlega sýn nái fram að ganga.

Samtök ferðaþjónustunnar lýsa sérstakri ánægju með þá aðferðafræði sem ferðamálaráðherra hefur lagt til grundvallar vinnu við framtíðarsýnina og telja að sú skýra áhersla á samvinnu stjórnvalda og atvinnugreinarinnar sem lagt hefur verið upp með við stjórn og vinnu verkefnisins veiti gott fordæmi fyrir samvinnu stjórnkerfis og atvinnulífs.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari umsagnir á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar